

Yfirlýsing frá Jóni Bjarka Magnússyni vegna dóms í héraðsdómi:

Samkvæmt úrskurði héraðsdómarans Kolbrúnar Sævarsdóttur nú í morgun hefur mér, Jóni Bjarka Magnússyni, verið gert að greiða 500.000 krónur í skaðabætur til Kim Gram Laursen sem og 750.000 krónur í málskostnað til lögfræðingsins Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar. Samtals gera þetta 1.250.000 krónur auk dráttarvaxta en slík upphæð samsvarar nær hálfis árs launum fyrir starf mitt á DV. Undanfarin ár hef ég stundað nám við Háskóla Íslands og starfað hjá DV í hlutastarfi. Eins og gefur að skilja er ómögulegt fyrir mig að reiða af hendi slíka upphæð og ef svo fer sem horfir mun ég að öllum líkindum lýsa mig gjaldþrota. Hvað stefnandi og lögfræðingur hans fengju úr slíku gjaldþroti er hins vegar afar óljóst. Mínar jarðnesku eigur samanstanda af litlu öðru en gömlu og lúnu skrifborði úr góða hirðinum.

Málið á rætur sínar að rekja til þess að ég tók viðtal við Hjördísi Aðalheiðardóttur og systur hennar Ragnheiði Rafnsdóttur, síðastliðið haust.

Þegar ég fjallaði um málið var það komið inn á borð utanríkisráðuneytisins og bréf hafði verið sent á þingheim þar sem Hjördís lýsti málavöxtum. Málið var því, að mínu mati, orðið opinbert.

Fyrir dómi lögðu systurnar fram yfirlýsingu þar sem fram kom að allt hefði verið rétt eftir þeim haft í blaðagreininni og að blaðamaður hefði haft fulla heimild til að birta ummælin.

Niðurstaða dómarans var þó sú að þar sem ég væri tilgreindur sem höfundur greinarinnar bæri ég fulla ábyrgð á henni. Í ljósi þessa er áhugavert að skoða að mál nr. 328/2008 sem dómari byggir meðal annars niðurstöðu sína á er hið svokallaða Goldfinger-mál sem hefur verið kært til Mannréttindadómstóls Evrópu. Blaðakonan Björk Eiðsdóttir var í Hæstarétti dæmd fyrir að hafa ummæli eftir starfsstúlku á veitingahúsinu Goldfinger.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt prentlögum frá árinu 1956 væri blaðamaður höfundur greinarinnar og því ábyrgur fyrir öllu sem kæmi þar fram og bæri því að greiða skaðabætur. Annað slíkt mál liggur nú fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu en það er mál nr. 5265/2009 gegn blaðakonunni Erlu Hlynisdóttur. Hún var dæmd í héraðsdómi ? en dómurinn byggði einmitt á Goldfinger-málinu ? fyrir ummæli sem hún hafði eftir Davíð Smára Helenarsyni vegna meintrar líkamsárásar. Var henni gert að greiða 200.000 krónur í miskabætur, 350.000 krónur í málskostnað og 150.000 krónur til að standa skil á greiðslu kostnaðar vegna birtingar dómsins og dómsorðs í dagblöðum. Erla vildi áfrýja málinu til Hæstaréttar en áfrýjunarheimild fékkst ekki. Málið er nú til skoðunar hjá Mannréttindadómstólnum. Dómar sem fallið hafa í svipuðum málum í Evrópu eru margir hverjir afar ólíkir dómum Hæstaréttar Íslands, og ef dæmt verður blaðamönnunum í vil, er ljóst að það yrði fordæmisgefandi fyrir mitt mál.

Það er ýmislegt áhugavert við dóminn sem féll í morgun, en þar er meðal annars sérstaklega tekið fram að DV sé gefið út í hagnaðarskyni, sem verður að teljast máli mínu algjörlega óviðkomandi þar sem hvorki útgáfufélaginu né ritstjórum er stefnt, heldur einungis mér. Þá er einnig áhugavert að ef greinin sem ég skrifaði síðasta haust hefði verið skrifuð nú í vor eru allar líkur á því að ég hefði verið sýknaður á grundvelli nýju fjölmiðlalaganna. Lögmaður minn krafðist þess meðal annars að miðað yrði við ný og endurnýjuð lög í máli mínu þar sem þau gömlu væru orðin

úreld, eins og kemur fram í dómnum: Niðurstaða dómara var hins vegar þessi: "Hin nýju lög um fjölmiðla hafa ekki að geyma ákvæði um lagaskil hvað varðar ábyrgð á ritefni. Það er viðurkennd lögskýringarregla, að nýjum lögum verði ekki beitt afturvirkir borgurum til óhagræðis, ef lögin mæla ekki fyrir um annað."

Dómurinn kemur mér ekki mikið á óvart enda sýna dómafordæmi að blaðamönnum hér á landi hefur verið gert að reiða af hendi háar fjárhæðir fyrir að hafa orðrétt eftir viðmælendum sínum. Þrátt fyrir það verð ég að segja að hann hryggir mig. Það bjátar eitthvað á í samfélagi þar sem þeir sem reyna að stuðla að umræðu um viðkvæm mál eru reglulega dæmdir til hárra fjársekta og/eða gerðir gjaldþrota fyrir þá viðleitni. Á sama tíma er almenn krafa í samfélaginu um að blaðamenn standi sig og láti ekki hræða sig frá því að fjalla um erfið mál. Það er alveg ljóst að dómar undanfarinna ára ? rétt eins og sá sem hér er til umfjöllunar ? hafa þær afleiðingar að fæla blaðamann frá tilteknum umfjöllunarefnum af ótta við að það skaði fjárhag þeirra og/eða fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar. Frumforsenda fyrir blaðamennsku og gagnrýninni umræðu er skilyrðislaus viðurkenning á tjáningarfrelsinu og því hlutverki fjölmiðlamanna að miðla upplýsingum.

Undanfarin ár hefur það hlutverk fjölmiðla sem og almennra pistlahöfunda einfaldlega átt verulega undir högg að sækja, rétt eins og fjölmörg dæmi sýna.

Þá vil ég benda á þá áhugaverðu staðreynd að hefðu Hjördís og systir hennar kosið að tjá sig um ástæður þess að hún kaus að flýja úr landi í sjónvarpi, útvarpi eða vefmiðlum, hefði ekki verið hægt að stefna fréttamanninum sem hefði tekið viðtalið. Þá ítreka ég það að fyrsta fréttin um málið birtist á vefsíðu DV en fyrir þá umfjöllun var blaðamaður ekki kærður. Ég fæ því ekki betur séð en að niðurstaðan sé sú að notkun bleksins sé ólögleg, en miðlun orðanna sem slíkra í sjálfu sér ekki.